

32.tbl.

14. sept. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



HSN Heilbrigðisstofnun
Norðurlands

HEILSUGÆSLAN Í MÝVATNSSVEIT

Viðtalstímar hjúkrunarfræðings:

Mánudaga kl. 10-11

Fimmtudaga kl. 10-11

Aðrir viðtalstímar eftir samkomulagi.

Blóðprufur: Á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 8:30-9:30

Lyfjaendurnýjun: í síma 464-0500 frá kl. 9-9.30 alla virka daga

Móttaka lækna: á mánudögum og fimmtudögum.

Tímapantanir í síma 464-0501 eða 464-0660

Vaktsíminn 1700 er opinn allan sólarhringinn



Útibú Mývatnssveit

Opið alla daga **NEMA ÞRIÐJUDAGA**
kl. 10 – 13.



6. fundur Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 2022-2026 haldinn í Skjólbrekku miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13:00

Fundarmenn

Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti, Eygló Sófúsdóttir, Knútur Emil Jónasson
Halldór Þorlákur Sigurðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir,
Helgi Héðinsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Úlla Árdal (varamaður fyrir Jónu Björgu Hlökk-
versdóttur).

Starfsmenn

Jón Hrói Finnsson

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson

Helgi vakti máls á því að fundurinn væri fjórði fundurinn í röð
í Skjólbrekku, en að rætt hefði verið um að dreifa fundum um sveitarfélagið.

Dagskrá:

Jón Hrói vék af fundi kl. 13:03

1. Ráðning í stöðu sveitarstjóra - 2208029

Auglýst var eftir sviðsstjóra stjórnisýsluviðs þann 30.07.2022 skv. gildandi sam-
þykkt um stjórn og fundarskóp sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þing-
eyjarsveitar. Þar sem þá lá fyrir vilji meirihluta sveitarstjórnar um breytingu á gildandi
samþykktum var verksvið sviðsstjóra það sama og ef auglýst hefði verið eftir sveitar-
stjóra. Breytingar á gildandi samþykktum voru samþykktar af meirihluta sveitar-
stjórnar á 3. fundi sveitarstjórnar þann 22.06.2022. Þann 2.7. var óskað eftir stað-
festingu Innviðaráðuneytis á breytingunum og barst sú staðfesting þann 26.8. sl. sem
leiðir til þess að ráðning í framhaldi af umræddri auglýsingu verður í samræmi við
samþykktirnar með áorðnum breytingum sem öðlast gildi við birtingu í Stjórnar-
tíðindum á næstu dögum. Lögð fram drög að ráðningarsamningi við Jón Hróa Finnsson
sem miðast við að hann taki við starfi sveitarstjóra skv. nýjum samþykktum þann 1.
september nk. (ráðningarsamningur er í vinnslu og mun birtast í fundargátt þegar
hann er tilbúinn)

Eygló tekur við fundarritun. Borin er upp ráðningarsamningur við Jón Hróa. Allir
fulltrúar E-lista greiddu atkvæði með samningum. Allir fulltrúar K lista greiddu atkvæði
á móti. Til máls tóku Knútur, Helgi, Úlla og Eygló.

Fulltrúar K-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

"K-listi bókar vonbrigði við ráðningarferli starfs sem nú verður titlað sveitar-
stjóri. Mat fulltrúa listans er að allt frá því starf sviðsstjóra var auglýst, án umræðu,
samráðs eða samþykktar sveitarstjórnar hafi verið ljóst hver ætti að hljóta starfið og
því hafi tíma umsækjenda og þeirra sem tóku þátt í ráðningarferlinu verið sóað. Þá
vekur athygli að enginn á E-lista tók þátt í ráðningarferlinu öllu.

Það er sannfæring fulltrúa K-listans að hæfasti umsækjandinn hafi því miður
ekki orðið fyrir valinu og því geta fulltrúar listans ekki greitt ráðningunni atkvæði sitt.
Að því sögðu óskar K-listinn Jóni Hróa Finnssyni til hamingju með starfið og vonast eftir

góðu samstarfi hans við starfsfólk sveitarfélagsins, sveitarstjórn sem og aðra".

Samþykkt

Jón Hrói kom aftur til fundar kl. 13:18

2. Viðhald Sundlaugin laugum - 2208037

Við undirbúning að endurnýjun yfirborðsfnis á vaðlaug og heitum potti á sundlaugarsvæðinu við Íróttamiðstöðina á Laugum hefur komið í ljós að vatn lekur undir vaðlauginu vegna ágalla á frágangi frárennslisrennu. Áætlað var að viðhaldsframkvæmdirnar myndu rúmast innan þeirra fjárheimilda sem veittar höfðu verið, þ.e. 1 m.kr. en nú er áætlað að gera þurfi ráðstafanir til að stöðva lekann muni kosta allt að 1,2 m.kr. til viðbótar. Heildarskostaður við verkið er því áætlaður 2,2 m.kr. Að auki þarf að endurnýja plastristar í yfirfallsrennum sundlaugar og hreinsiróbót. Heildarfjárbörf við Óskað er eftir heimild sveitarstjórnar fyrir auknum útgjöldum og lagt til að útgjöldunum verði mætt með lántöku.

Knútur vakti athygli á mögulegu vanhæfi sínu. Sveitarstjórn greiddi atkvæði og samþykkti að Knútur teldist hæfur til afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðna viðbótarfjárheimild til að klára viðhald vaðlaugar og heits potts. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn heimild allt að 1500 þ.kr. til að endurnýja þrifaróbót. Útgjöldunum verði mætt með lántöku. Sveitarstjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna breytinganna.

Samþykkt

3. Skipulagsnefnd - 2 - 2208002F

Fundargerð 2. fundar skipulagsnefndar sem haldinn var fimmtudaginn 23. ágúst 2022 lögð fram til kynningar og afgreiðslu, sbr. bókanir við einstaka liði fundargerðarinnar.

3.1 2208006 - Rannsóknaborholur við Þeistareyki

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með því skilyrði að rafstrengurinn verði lagður í áður raskað svæði eða á mannvirkjabelti.

3.2 2208028 - Erindisbréf skipulagsnefndar

Lagt fram til kynningar.

3.2 2202014 - Efnistaka í Garði - Breyting á Aðalskipulagi Skútustaða hrepps 2011 - 2023

Meðal þeirra umsagna sem borist hafa um tillöguna eru umsagnir sem bregðast þarf við. Sveitarstjórn samþykkir að taka málið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar þann 14. september.

3.4 2105017 - Hvarf - umsókn um skógrækt

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi vegna skógræktar að Hvarfi. Í framkvæmdaleyfinu skal þess gætt að 15 m fjarlægð verði haldið frá skráðum fornminjum og ekki plantað í vistkerfi sem hefur hátt verndargildi í samræmi við umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga.

3.5 2201012 - Skógar í Fnjóskadal - beiðni um breytingu á aðalskipu lagi

og deiliskipulagi Skóga.

Sveitarstjórn samþykkir að tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulagi Skóga í Fnjóskadal verði auglýst í samræmi við 31 gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að að fela skipulagsfulltrúa að senda tillöguna að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 varðandi Skóga, til Skipulagsstofnunar til athugunar í samræmi við 3. mgr. 30 greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

3.6 1908034 - Einbúavirkjun

Lagt fram til kynningar.

3.7 2103017 - Hótel Laxá - Breyting á deiliskipulagi

Lagt fram til kynningar.

3.8 2208009 - Stofnun lóðar úr landi Bjarkar

Lagt fram til kynningar.

3.9 2208010 - Beiðni um umsögn vegna lagningu jarðstrengs

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að veita umsögn um lagningu 7,8 km jarðstrengs frá tengivirki við Þeistareykjavirkjun að mastri nr. 172 í Kópaskerslínu 1, og gefa álit á því hvort hún sé háð mati á umhverfisáhrifum fyrir hennar hönd.

3.10 2208012 - Umsókn um byggingarleyfi - Öndólfstaðir land L180094

Lagt fram til kynningar.

3.11 2208019 - Nípá - Umsókn um byggingarheimild

Lagt fram til kynningar.

3.12 2208022 - Umsókn um framkvæmdaleyfi til Skógræktar

Lagt fram til kynningar.

3.13 2208020 - Lóðir úr Sílalæk - nafnabreytingar

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar á nöfnum lóða sem sótt er um, þ.e. að 178336 Sílalækur land verði Lækjarhús, L172846 Sílalækur lóð verði Lækjarsel, L179592 Sílalækur lóð verði Lækjarbakki og L219682 Sílalækur lóð 4 verði Lækjarós. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að annast málsmeðferð vegna breytinganna eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum.

3.14 2208038 - Stöng og Heiðmörk, lóðastofnanir

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóða um útihús og íbúðarhús Stöng 2 og Heiðmörk verði í samræmi við fyrirliggjandi gögn og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna þeirra eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum.

3.15 2208023 - Umsókn um byggingarleyfi - Arnstapabyggð 5

Lagt fram til kynningar.

3.16 2208013 - Fundadagatal 2022-2023

Lagt fram til kynningar.

3.17 2208043 - Bjarnarflag 1 Umsókn um byggingarleyfi

Lagt fram til kynningar.

3.18 2208021 - Skipulagsnefnd - Önnur mál

Lagt fram til kynningar.

Til fermingarbarna í Laufásprestakalli :

Ætlunin er að halda samveru fyrir fermingabörn prófastsdæmisins í Stórutjarnaskóla laugardaginn 24.september næstkomandi frá kl. 10.00-16.30.

Þar verður boðið upp á ýmislegt til skemmtunar, leiki, fræðslu og virkni. Hádegisverður og síðdegishressing. Samveran endar með helgistund í Þorgeirskirkju.

Þau ungmenni sem fædd eru árið 2009 og hyggjast fermast í Laufásprestakalli næsta vor eru boðin innilega velkomin. Ný prestur kemur síðan væntanlega til starfa í næsta mánuði. Skráning og frekari upplýsingar hjá undirrituðum í síma 866 22 53 eða

skinnast@gmail.com

Með góðri kveðju,
Jón Ármann Gíslason,prófastur,



Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 31. ágúst 2022 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skóga og að tillögunar yrðu auglýstar skv. 31 gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsáformin fela í sér að skilgreindri frístundabyggð vestan Illugastaðavegar er breytt í íbúðabyggð, og byggingarheimildir rýmkaðar. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 140 m² hámarksgrunnfleti húsa á 9 lóðum sem eru 4.080 - 6.673 m². Samkvæmt breytingartillögu rýmka byggingarheimildir þannig að hámarksnýtingarhlutfall verði 0,1. Afmörkun lóða og byggingarreita verður óbreytt. Sömuleiðis er lóð 8 í frístundabyggðinni austan Illugastaðavegar minnkuð að beiðni Vegagerðarinnar.

Tillagan með umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðum sveitarfélagsins, www.skutustadahreppur.is og www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofum sveitarfélagsins. Tillagan er auglýst með umsagnarfresti frá og með miðvikudeginum 14. september til og með miðvikudeginum 26. október 2022. Umsagnir við tillöguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið atli@thingeyjarsveit.is eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

f.h. Þingeyjarsveitar
Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

Æfingatafla Umf. Eflingar og Íþróttahússins á Laugum

Haustönn 2022

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Tími	Laugardagur	Sunnudagur
	Opíó í sund og þrek		Opíó í sund og þrek		Opíó í sund og þrek		Þriðjudagur	Sunnudagur
Tími	Þriðjudagur	Mánudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Tími	Laugardagur	Sunnudagur
7:30-9:30	Opíó í sund og þrek	Opíó í sund og þrek	Opíó í sund og þrek	Opíó í sund og þrek	Opíó í sund og þrek	12:00	Opíó í sund og þrek	Opíó í sund og þrek
12:00	Sund	Sund	Sund	Sund	Sund	12:00	Sund	Sund
12:30						12:30		
13:00						13:00		
13:30						13:30		
14:00	1-2. b Ýdalir	3-4 b Ýdalir				14:00		
14:30						14:30		
15:00						15:00		
15:30		Körfubolti				15:30		
16:00	Laugaskóli	5-10 bekkur				16:00		
16:30						16:30		
17:00						17:00		
17:30	Pól þrek UTI					17:30		
18:00						18:00		
18:30	Blak kvik Dalalæður					18:00		
19:00						18:30		
19:30	Blak kvik Dalalæður					19:00		
20:00						19:30		
20:30						20:00		
21:00						21:00		
21:30						21:30		

Húsið lokar		Húsið lokar	
Æfingar og þjálfarar	Þjálfari/umsjón		
Þr. og leikr 1-2. b þriðjudagar Ýdalir kl. 14-15	Kristján Óm		
Þr. og leikr 3-4. b miðvikudagar Ýdalir kl. 14:20-15:00	Óli og Sunna		
Sund allir 1.-10. b þriðjudagar kl. 17:00-18:00	Sandra + Dís		
Boðlabland 1.-10. b föstudagar kl. 13:15-14:15	Karólína		
Körfubolti 5.-10. b þriðjudagar kl. 15:30-16:30	Cóinn		
Friðslíðróttir Mánudaga kl. 17:30. Pól og þrek	Gunnhildur		
Fimmtudaga kl. 17:30. 4.b+ Tæknisæfing	Gunnhildur		
Blak Dalalæðu Mánudaga 18:30-20:00, miðvikudaga 18:00-19:30	Hnikarr		

Við hvetjum alla til þess að vera duglegir að taka þátt í æfingum og íþróttastarfi. Ekki kert kostar að mæta á æfingar í september í september en eftir það greiðast æfingagjöld.

Skráningar og greiðslur æfingagjalda fara í gegnum Sportablar

www.sportablar.com/shop/hshbteiling


Veislu- og fundasalir til leigu



Gamli barnaskólinn, Skógum, Fnjóskadal
Höfum til leigu sali og eldhúsaðstöðu fyrir smærri veislur,
fundi, handverkssölu, ljósmyndun, listvinnu ýmiskonar
o.fl. ofl.

Gamli barnaskólinn eru við eystri munna
Vaðlaheiðarganga.

Upplýsingar í síma 8498902



PÁLÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR SVIPIR ÚR HÉRAÐI

17. september - 13. nóvember 2022

Verið velkomin á sýningaropnun í
Safnahúsinu á Húsavík,
laugardaginn 17. september kl. 14.

Sjáumst!

...andlit bæði kunnugra
og ókunnugra sem birtast
í nærumhverfinu og
tilfinningarnar sem þau
endurspeglar gera það að
verkum að mörg þekkja sjálf
sig eða kunnugan einstakling
í ákveðnum andlitsdrætti
eða svip...



Opn: Hv-Ís 13-16, Ís 11-16